

Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda



Aðalfundur

Ásbyrgi í Miðfirði 14. apríl 2015

Dagskrá aðalfundar 14. apríl 2015

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna (fundarstjóri, fundarritari, kjörbréfanefnd)
2. Ávarp formanns BHS
3. Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi og reikninga BHS á árinu 2014
4. Umræður um skýrslu framkvæmdastjóra og reikninga

Matarhlé

5. Niðurstaða kjörbréfanefndar
6. Einar Ófeigur Björnsson, varaformaður BÍ – „Af vettvangi BÍ“
7. Umræður um erindi Einars
8. Guðmundur Hallgrímsson, Búvest – „Vinnuvernd og öryggismál til sveita“
9. Umræður um erindi Guðmundar
10. Mál lögð fram til nefnda
11. Nefndarstörf og afgreiðsla mála
12. Kaffihlé
13. Kosningar skv. samþykktum BHS
Einn af Ströndum í stjórn BHS til þriggja ára og einn til vara
Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara
Þrír fulltrúar BHS á Búnaðarþing og þrír til vara
14. Önnur mál
15. Fundarslit

1. Formaður BHS Jón Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Heimir Ágústsson stýrði fundi og Anna Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð. Hann tilnefndi í kjörbréfanefnd þau Kristínu Guðbjörgu Jónsdóttur á Kolbeinsá, Magnús Sigurðsson Hnjúki og Ólaf Benediktsson Miðhópi. Engar athugasemdir komu fram við það og tóku þau því til starfa.

2. Ávarp formanns.

Jón Gíslason ávarpaði fundinn og hóf mál sitt á því að minnast Guðbjarts Guðmundssonar fyrrverandi starfsmanns Búnaðarsambandsins, en hann lést 12. janúar síðastliðinn. Risu fundarmenn úr sætum og vottuðu hinum látna virðingu sína.

Jón ræddi málefni Búnaðarsambandsins og taldi fulla þörf á að halda starfsemi áfram, þrátt fyrir að ráðgjafahlutinn sé kominn yfir til RML. Hann fór jafnframt lauslega yfir þær tillögur sem stjórn hyggst leggja fyrir fundinn. Meðal þeirra er tillaga um að leggja niður gömlu búnaðarsamböndin, tillaga um óbreytt félagsgjald, hækkun gjaldskrár og að búnaðarþingsfulltrúar verði kosnir til tveggja ára.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra um starfsemi og reikninga BHS á árinu 2014.

Gunnar Ríkharðsson flutti skýrslu framkvæmdastjóra og fór yfir reikninga BHS árið 2014. Búfjárefntirlitið er farið yfir til MAST og RML sagði upp vinnusamningi við BHS 1. maí 2014, svo starfsmaður BHS vinnur ekki lengur neitt fyrir RML. Kúa- og sauðfjársæðingar eru enn á

vegum BHS, dna-sýnataka og örmerkingar á hrossum, úttektir jarðabóta, umsóknir í sjóði o.fl. Einnig er túnkortagerð, ýmsar landmælingar og landskipti á vegum BHS, ýmislegt lögbundið t.d. varðandi girðingamál og félagsleg/stéttarleg málefni. BHS leigir RML húsnæði og bíla eftir þörfum. Gunnar var í um 80% starfshlutfalli á árinu 2014. Kúasæðingum fjölgaði lítillega og fangskoðunum verulega milli ára en rekstur kúasæðinga var í jafnvægi en gjaldskrá var hækkuð 1. maí 2014.

Sauðfjársæðingar drógust verulega saman milli ára (20%) en þar er trúlega einna helst um að kenna leiðinlegri veðráttu í desember.

Grasrækt á svæðinu var svipuð og árið á undan, grænófóður dróst lítillega saman en kornræktin jókst. Á landsvísu er kornrækt að dragast talsvert saman og grasrækt til muna minni en árið 2013 en það kemur helst til af því að mikið kal var það ár. Talsvert verk er óunnið í túnkortum en nú er gerð krafa vegna jarðræktarstyrkja að jarðabótaspildur séu teiknaðar í loftmyndagrunn.

Þjónusta BHS verður aukin varðandi hnitsetningu landamerkja og lóða og búið er að kaupa nákvæmara GPS tæki.

Gunnar kvaðst vilja láta gera úttekt á naugripærækt í héraðinu, hvernig núverandi staða væri og hver væri framtíðarsýn kúabænda í héraði. Á síðustu 10 árum hefur kúabúum fækkað mikið á svæðinu og víða eru fjós orðin þannig að þau munu ekki standast kröfur sem taka gildi innan fárra ára.

Próunarsjóður BHS styrkti nema í búnaðartengdu námi eins og fyrr. Alls fengu 9 nemar 25 þúsund kr. styrk hver úr próunarsjóðnum á síðasta ári. Hann fór yfir tillögur frá síðasta aðalfundi BHS og afdrif þeirra. Einnig fór hann yfir tillögur sem BHS sendi inn á Búnaðarþing 2015. Gunnar fór lauslega yfir úrskurði óbygðanefndar í þjóðlendumálum.

Gunnar fór yfir reikninga Búnaðarsambandsins fyrir árið 2014 og skýrði helstu rekstrarliði. Velta BHS var ríflega 5 milljónum minni en árið á undan. Skýrist það að stærstum hluta af því að BHS sinnir ekki lengur búfjárefirlitinu fyrir sveitarfélögin heldur hefur MAST yfirtekið þann málaflokk. Einnig vinnur Gunnar ekki lengur neitt fyrir RML og minni leiga var á bifreiðum til RML.

Rekstrartekjur án fjármagnstekna námu alls 34.027.717 kr og rekstrargjöld án vaxtagjalda 35.854.422 kr. Tap eftir fjármagnsliði nam 1.154.720 kr. Eigið fé í árslok nam 25.368.533 kr en skuldir 15.553.134 kr. Skuldir og eigið fé í árslok samtals 40.921.667 kr.

Kúasæðingarnar skiluðu tekjum upp á 19.353.645 kr og námu gjöld vegna þeirra 19.282.738 kr. Hagnaður af rekstri þeirra nam því 70.907 kr.

4. Umræður um skýrslu framkvæmdastjóra og reikninga

Gunnar Þórarinsson spurði út í skiptingu búnaðargjalds milli búgreina, húsaleigu fyrir salinn á Blönduósi og aðkeypta vinnu í reikningum.

Valgerður Kristjánsdóttir spurði hvers vegna BHS þyrfti að eiga tvo bíla og einnig hvers vegna búið væri að færa 5 milljónir af bundnum reikningi yfir á tékkareikning. Einnig bað hún um að reikningar vegna sæðinga yrðu sendir fyrr út þar sem þeir kæmu seint fyrir þá sem væru í tveggja mánaða vsk-skilum.

Gunnar Ríkharðsson svaraði fyrirspurnum. Fram kom að skipting búnaðargjalds fer eftir því hvernig velta er skráð frá einstökum búgreinum á landbúnaðarframtali, en hjá þeim sem ekki skila landbúnaðarframtali er stuðst við ISAT nr viðkomandi rekstrar. Gunnar viðurkenndi að hafa verið of linur við að rukka aðildarfélög BHS fyrir notkun á salnum en úr því mætti bæta. Aðkeypt vinna vegna sauðfjarræktar er keypt af RML og er vinna Önnu Margrétar við sauðfjársæðingar. Gunnar sagði það vera á dagskrá að selja annan bílinn en hann hafi bilað fyrir skömmu og hann vilji ekki selja hann fyrr en það sé öruggt að hann sé í góðu lagi. Hann skýrði tilfallandi ástæður þess að lægri upphæðir voru á bundnum bankareikningum um

áramót en áður og lofaði Valgerði því að bæta sig í að senda henni sæðingareikninga tímanlegar.

5. Niðurstaða kjörbréfanefndar

Ólafur Benediktsson formaður kjörbréfanefndar kynnti álit hennar:

Bf. Áshrepps: Sigurður Ólafsson, Brúsastöðum.

Bf. Sveinsstaðahrepps: Hilmar Smári Birgisson, Uppsölum

Bf. Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson Stekkjardal, Jóhann Guðmundsson, Holti

Bf. Engihlíðarhrepps: Enginn mættur

Bf. Torfalækjarhrepps, Jón Kristófer Sigmarsson

Bf. Bólstaðarhlíðarhrepps, Þorsteinn Jóhannsson, Auðólfstöðum; Þór Sævarsson, Brúarhlíð

Bf. Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson, Hofi, Baldvin Sveinsson, Tjörn

Bf. Víðdælinga: Björn Vignir Sigurðsson, Kolugili, Ingvar Ragnarsson, Syðra-Kolugili

Bf. Vatnsnesinga: Heimir Ágústsson, Sauðadalsá; Jón Hilmar Karlsson, Grænahvammi

Bf. Miðfirðinga: Karl Guðmundsson, Mýrum; Helgi Pálsson Heggstöðum, Ólafur Rúnar Ólafsson, Urriðaa.

Bf. Staðarhrepps: Ásgeir Sverrisson, Brautarholti

Bf. Bæjarhrepps og Bitru: Guðbjörg Jónsdóttir, Kolbeinsá; Ingimar Sigurðsson, Kjørseyri

Bf. Árneshrepps: Enginn mættur v. ófærðar

Bf. Kirkjubólshrepps: Björn Pálsson, Þorpum

Félag sauðfjárbænda A-Hún: Birgir Ingbórsson, Uppsölum, Gísli Hólm Geirsson, Mosfelli, Magnús Sigurðsson, Hnjúki.

Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Gunnar Þórarinnsson, Þóroddstöðum; Ólafur Benediktsson, Miðhópi; Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Mýrum

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu: Guðbrandur Björnsson Smáhömrum; Jón Stefánsson, Broddanesi; Jóhann Ragnarsson, Laxárdal.

Nautgriparæktarfélag V-Hún: Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum; Gísli G. Magnússon, Staðarbakka 2; Guðný Helga Björnsdóttir, Bessastöðum

Hrossaræktarsamtök V-Hún: Halldór Pálsson, Súluvöllum

Samtök hrossabænda í A-Hún: Björn Magnússon, Hólabaki, Gunnar Ríkharðsson, Þingeyrum, Þórður Pálsson, Blönduósi

Félag kúabænda í A-Hún: Brynjólfur Friðriksson, Brandsstöðum, Ingibjörg Sigurðardóttir, Auðólfstöðum.

Enginn mætti frá Búnaðarfélagum Kaldrananeshrepps, Nauteyrarhrepps, Engihlíðarhrepps og Árneshrepps. Mættir voru því 38 af 48 fulltrúum aðildarféлага.

Auk þess sátu fundinn aðrir stjórnarmenn BHS þeir Jón Gíslason Stóra Búrfelli, Matthías Lýðsson Húsavík, Hallfríður Ósk Ólafsdóttir Víðidalstungu og Magnús Guðmannsson Vindhæli. Einnig Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri BHS og Anna Margrét Jónsdóttir ráðunautur.

5. Erindi Einars Ófeigs Björnsson.

Einar Ófeigur Björnsson, bóndi á Lóni í Kelduhverfi og annar varaformaður BÍ kynnti sig og bar fundinum kveðju frá Sigurgeiri Sindra Sigurgeirssyni, formanni BÍ. Hann kynnti nýjar samþykktir Bændasamtakanna sem m.a. rýmka aðild að samtökunum. Stefna hefur verið mörkuð um fyrirkomulag félagsgjalda til reksturs BÍ í stað tekna af búnaðargjaldi. Stefnt er að því að það verði 0,3% af búgreinategjum eða það sama og búnaðargjaldsstofn til BÍ hefur verið. Einnig verður heimilt að skilgreina hámark og lágmark fyrir félagsgjöld. Aðild verður valfrjáls og því enginn þvingaður til greiðslu til BÍ eins og raunin er nú með innheimtu í gegnum búnaðargjald. Engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær þetta verður tekið upp enda liggur ekki fyrir hvenær verður ekki lengur heimilt að innheimta búnaðargjald. Almenn

skilyrði fyrir inntöku nýrra aðildarfélaganna að BÍ verða að í þeim séu að lágmarki 50 félagsmenn sem vilja vera aðilar að BÍ eða velja þeirra í landbúnaði sé að lágmarki 500 milljónir samtals. Í nýju samþykktunum er dregið úr umfangi Búnaðarþings og það haldið annað hvert ár en ársfundur árið á milli. Stjórn BÍ verður kosin til tveggja ára í senn og hún verður 5 manna í stað 7 áður. Hann kvað mikilvægt að tryggja góða félagsþáttöku í Bændasamtökunum og að sem flestir væru aðilar. Bændur þurfa samtök sem geta rekið öfluga hagsmunagæslu, tekist á við alls konar málefni sem upp koma og geta skaðað landbúnaðinn og hafa öflugan rödd sem talar máli bænda og landsbyggðar. Bændur þurfa jafnframt að hafa samtök sem geta talað fyrir hönd landbúnaðarins í samskiptum við ríkisvaldið, s.s. í samningum og umsögnum um lagafrumvörp, reglugerðir o.fl sem snertir landbúnaðinn. Helstu áherslur Búnaðarþings í búvörusamningum eru að búnaðarlagasamningur verði eflur og gerður að rammisamningi um starfsumhverfi. Til viðbótar komi undirsamningar fyrir einstakar búgreinar. Helstu markmið eru að stækka og efla íslenskan landbúnað, bæta afkomu bænda og samkeppnishæfni landbúnaðar, tryggja fæðu- og matvælaöryggi, auðvelda sókn á erlenda markaði, leggja ríka áherslu á umhverfismál og takmarka eða banna innflutning dýraafurða sem eru framleidd við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað en gerðar eru hérlandis. Tollvernd þarf að vera í búvörusamningum, sem tryggir samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Einnig þarf að vera stjórn á búvöruframleiðslu, til að ná markmiðum um viðunandi rekstrarafkomu bænda og taka á markaðslegum þáttum. Fjármunir þurfa að vera áfram til almenns ræktunarstarfs og stefnt er að því að gera a.m.k. 10 ára samning. Skýrar reglur um landnýtingu þurfa að vera í búvörusamningum t.d. sameining laga sem fjalla um eignarréttarleg ákvæði jarða. Stuðningur við greinarnar þarf að vera a.m.k. jafn mikill og nú er og hann þarf að nýtast sem best til að lækka vöruverð til neytenda. Búnaðarþing varaði við greiðslum út á ræktað og óræktað land, þar sem slíkur stuðningur er líklegur til að eigngerast. Breytt stuðningsform kemur því aðeins til greina að tryggt sé að þeir sem hafa fjárfest í núverandi kerfi haldi sínum rekstrargrundvelli og fjármagn núverandi samninga haldist innan sömu greina.

Einar Ófeigur kvað BÍ stefna að því að reka Hótel Sögu áfram a.m.k. í þrjú ár þar sem ekki hefði fengist viðunandi tilboð í það ennþá. Þar á að fara í talsverðar framkvæmdir á ytra byrði hússins en reksturinn hefur gengið vel undanfarið. Viðræðum við LK um hugsanleg kaup á nautastöð BÍ hefur verið hætt í bili a.m.k.

7. Umræður um erindi Einars

Jóhann Ragnarsson gagnrýndi það sem fram kom hjá Einari Ófeigi að búnaðarsambönd eigi að greiða fyrir sína fulltrúa á búnaðarþing og spurði hvort honum þætti ekki eðlilegt að meðan búnaðargjald væri ennþá greitt, þá greiddi BÍ fyrir fulltrúana.

Valgerður Kristjánsdóttir spurði hvers vegna þriðja hæðin á Hótel Sögu væri ekki tekin undir hótél líka, þar sem hún kvaðst hafa frétt að skrifstofuhúsnæðið væri ekki vel nýtt. Hún spurði einnig hvenær fækkað yrði í stjórninni.

Gunnar Ríkharðsson spurði hvort það væri rétt skilið að ef veltutengd félagsgjöld væru tekin upp fyrir BÍ, þá þyrfti ekki lagasetningu, en ef Bjargráðasjóður myndi innheimta sínar tekjur gegnum n.k. búnaðargjald, þá þyrfti lagasetningu. Honum fannst undarlegt að búnaðarsamböndin væru ekki undir sama hatti og BÍ varðandi innheimtu félagsgjalda þar sem hvað varðar fjármögnun þá væru þau í raun eins konar framlenging á BÍ heim í héruð. Einfaldast væri e.t.v. að bændur ákvæðu bara í hvaða félög þeir vildu greiða félagsgjöld og þá væri félagsgjöld þeirra innheimt veltutengt á einum vettvangi.

Einar Ófeigur svaraði framkomnum fyrirspurnum. Hann tók undir að það gæti verið eðlilegra að meðan BÍ innheimti búnaðargjald þá myndi það leggja til fjármuni til að greiða fyrir búnaðarþingsfulltrúa. Það væri þó eðlilegra að BÍ legði búnaðarsamböndunum til fjármuni, til að greiða fyrir fulltrúana, en greiddu það ekki beint. Þetta hefur þó ekkert verið rétt í stjórn

BÍ og í samþykktum er gert ráð fyrir að hvert aðildarfélag greiði laun og upphald fyrir sína fulltrúa.

Hann sagði að BÍ leigði hluta af þriðju hæðinni til annarra en starfsmanna BÍ en einnig væri möguleiki á að breyta henni í hótél. Það mun fækka í stjórn BÍ eftir næsta Búnaðarþing. Hann sagði að innheimta veltutengdra félagsgjalda fyrir öll aðildarfélög BÍ yrði mjög fljótt of flókin og eðlilegast væri að félögin sjálf stjórnuðu því hvernig félagsgjöldin væru fundin út og innheimt. Honum þótti alveg koma til greina að búnaðarsamböndin yrðu undir BÍ sem eins konar framlenging á BÍ en þetta þyrfti að útfæra betur. Eins kæmi vel til greina að útvista einhverjum verkefnum BÍ til búnaðarsambandanna.

Jón Gíslason tók undir með Gunnari að æskilegt væri að veltutengd félagsgjöld til BÍ ættu að ná til búnaðarsambandanna einnig. Jón minnti einnig á að mikilvægt væri að hafa það skýrt hvort fulltrúar BHS á Búnaðarþing hefðu kjörgengi milli aðalfunda eða miðað við almanaksár svo ekki kæmu upp vafaatriði um kjörgengi t.d. ef kalla þyrfti saman aukabúnaðarþing að hausti.

Jóhann Ragnarsson fagnaði því að Einar tók vel í það að greiða fyrir búnaðarþingsfulltrúana því hann taldi BÍ hafa stundum gengið full langt í því að velta kostnaði yfir á aðildarfélagin.

Gunnar Þórarinnsson bað um upplýsingar um hvernig gengi hjá RML. Hann ræddi einnig nýju fjárvísi og kvað það ergja marga að þurfa að fara í gegnum Bændatorgið til að komast þar inn en eftir því sem hann hefði frétt, væri það að kröfu BÍ.

Gunnar Ríkharðsson ræddi m.a. um hugsanleg kaup LK á hlut í Nautastöðinni og leist ekki illa á það en var hins vegar efins um hvort ætti að dreifa ráðgjafarstarfsemi ennþá meira en nú þegar hefur verið gert með því t.d. að láta stöðina einnig sinna ráðgjöf t.d. varðandi frjósemi.

Einar Ófeigur svaraði fyrirspurnum. Hann tók undir með Jóni að það kynni að verða lögfræðilegt álitamál, hverjir væru rétt kjörnir fulltrúar, ef boðað yrði til auka Búnaðarþings. Hann sagði að það væri mjög misjafnt hversu mikil starfsemi væri innan aðildarfélaga BÍ, þ.m.t. búnaðarsambanda og því væri eðlilegast að hvert félag fyrir sig ákvæði hvernig þeirra félagsgjöld væru innheimt. Hann kvað RML hafa verið rekið með tapi á síðasta ári, en mun minna en árið á undan. Hann sagði vonir standa til þess að reksturinn verði í jafnvægi á þessu ári. Hann kvað öllum farsælast að standa við bakið á RML og gefa því tækifæri aðeins lengur. Hann sagðist skilja pírring varðandi bændatorgið og taldi að ekki væri erfitt að breyta því.

8. Erindi Guðmundar Hallgrímssonar – Vinnuvernd og öryggismál til sveita

Upphaf þessa verkefnis var að Búvest sótti um og fékk styrk frá Framleiðnisjóði til verkefnis um starfsvernd á bændabýlum. Tilgangur þess er að bygga upp eftirlitskerfi fyrir bóndann til að greina innri þætti á búinu og tryggja þannig betur öryggi hans og annarra starfsmanna við bústörf. Einnig að bæta umhverfi og líðan búfjár, draga úr tíðni slysa við búrekstur og bæta líðan þeirra sem vinna við búrekstur. Sömuleiðis að gera búíð aðlaðandi og eftirsóknarverðan vinnustað. Innra eftirlit felur í sér að yfirfara öryggisþætti og aðbúnað fyrir stjórnendur ökutækja og annarra tækja sem notuð eru við búreksturinn. Einnig að yfirfara rafmagnstöflur, raflagnir og ljósabúnað í útihúsum. Sömuleiðis að yfirfara eldvarnir í útihúsum og útgönguleiðir fyrir gripi. Yfirfara húsnæði hvað varðar aðbúnað og líðan búfjár. Yfirfara umhverfi útihúsa varðandi ásýnd og umferð við búrekstur, athuga með örugga geymslu fyrir eiturefni og önnur sterk efni. Skoða heildar ásýnd býlisins s.s. girðingar, bílahræ, ónýtar rúllur, frágang við haughús o.fl. Fyrirkomulagið í þessu verkefni hefur verið að Guðmundur hefur komið í heimsókn þar sem þess hefur verið óskað. Í heimsókn er fyllt út stöðuskýrsla fyrir ýmsa þætti með mismunandi einkunnum fyrir ásýnd og ástand hinna ýmsu þátta. Einnig fyrir öryggisþætti fyrir dráttarvélar, önnur tæki, rafmagnstöflur, tengingar, ljós o.fl. Þriðja skýrslan er fyrir öryggisþætti s.s. varðandi útgöngu- og flóttaleiðir, loftræstingu, hávaða, lýsingu, eiturefni, innréttingar, þrif og fallhættu.

Víðast hafa þessar heimsóknir verið skipulagðar á vegum búnaðarfélaga eða búnaðarsambanda og markmiðið er að hjálpa bóndanum til að verða fær um annast innra eftirlit sjálfur hvað varðar áhættumat, öryggi véla, rafmagns og ásynd býlis.

9. Umræður um erindi Guðmundar

Ólafur Benediktsson spurði um kostnaðinn við svona heimsókn. Hann velti fyrir sér hávaða í gripahúsum vegna loftræstingar.

Valgerður Kristjánsdóttir, Vignir Sigurðsson og Guðbrandur Björnsson komu með stuttar fyrirspurnir.

Guðmundur svaraði fram komnum fyrirspurnum. Hann sagði útreiknaðan kostnað vera um 45 þúsund á bæ með öllu. Hins vegar hefði verið rukkað um 5-7 þús á bæ og búnaðarsamböndin hafi tekið þátt í þeim kostnaði. Hann tók undir það hjá Ólafi að hávaði vegna loftræstingar væri slæmur og best væri að finna leiðir til loftræstingar með sem minnstum hávaða. Til stendur að útbúa bækling varðandi heilbrigðisþáttinn.

11. Mál lögð fram til nefnda

Fundarstjóri óskaði eftir málum til að leggja fyrir nefndir. Ólafur Benediktsson kom með tvær ómótaðar tillögur til umræðu í nefndum um verklag við riðuniðurskurð og arfgerðargreiningu á kaupafé. Jóhann Ragnarsson kom einnig með efni til umræðu í nefndunum varðandi viðhald á varnargirðingum. Auk þess lágu nokkur mál fyrir frá stjórn. Að því loknu voru menn látnir velja sér nefndir og málum skipt á þær. Ásgeir Sverrisson í Brautarholti var formaður fjárhagsnefndar, Brynjólfur Friðriksson á Brandsstöðum formaður búfjárræktarnefndar og Ólafur Benediktsson í Miðhópi formaður allsherjarnefndar. Tóku nefndir að því búnu til starfa.

Kaffihlé

12. Nefndastörf og afgreiðsla mála

Frá fjárhagsnefnd komu eftirfarandi tillögur, flutningsmaður Helgi Pálsson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að árgjald til BHS fyrir árið 2015 verði 4.000 kr á hvern félagsmann. Hjón og sambýlisfólk greiði eitt gjald. Greiða skal árgjald fyrir áramót. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að fulltrúar á aðalfundi BHS fái greitt sem nemur árgjaldi til BHS fyrir fundinn auk aksturspeninga skv. ríkistaxta fyrir akstur umfram 120 km gegn framvísun reiknings. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að laun stjórnarmanna verði sem hér segir:

Formaður fái 60.000 kr á ári en aðrir stjórnarmenn 25.000 kr á ári

Auk þess fái stjórnarmenn 8.000 kr fyrir hvern fund svo og akstur skv. ríkistaxta.

Skoðunarmenn fái 10.000 kr á ári og akstur skv. ríkistaxta.

Samþykkt samhljóða

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir reikninga BHS fyrir árið 2014 eins og þeir hafa verið lagðir fram á fundinum. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að frá 1. maí 2015 sé taxti fyrir útselda vinnu 5.000 kr/klst fyrir félagsmenn BHS en 8.000 kr/klst fyrir aðila utan BHS. Upphæðir eru án vsk. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 beinir því til stjórnar BHS að nýta framlög úr Þróunarsjóði BHS til að styrkja nema með lögheimili á svæðinu í búfræðitengdu námi. *Samþykkt samhljóða.*

Frá allsherjarnefnd komu eftirfarandi tillögur, flutningsmaður Ólafur Benediktsson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 felur stjórn félagsins að hefja nú þegar vinnu við endanlegt uppgjör og slit búnaðarsambandanna þriggja sem árið 2007 sameinuðust og mynduðu Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda. Er þarna um að ræða Búnaðarsamband A-Hún (BSAH), Búnaðarsamband V-Hún (BSVH) og Búnaðarsamband Strandamanna (BSS). *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að kosning búnaðarþingsfulltrúa BHS skuli vera til eins árs og gilda frá aðalfundi BHS árið 2015 og fram að aðalfundi BHS árið 2016. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 beinir því til stjórnar að endurskoða samþykktir BHS og leggja tillögur að nýjum samþykktum fyrir aðalfund 2016. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 lýsir áhyggjum sínum af stöðu mála hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Fundurinn hefur sérstakar áhyggjur af stöðu búfræðinámsins innan LBHÍ og hvetur fundurinn yfirvöld til að efla það og styrkja. *Samþykkt samhljóða.*

Eftirfarandi tillögur bárust frá búfjárræktarnefnd, flutningsmaður Brynjólfur Friðriksson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 samþykkir að innheimt verði fyrir kúasæðingar frá 1. maí 2015 þannig að sæðing á kvígu kosti 1.500 kr, sæðing á kú kosti 3.200 kr. og á grip utan skýrsluhalds 5.000 kr. Fangskoðun kosti 800 kr. Upphæðir eru án vsk. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 gerir þá kröfu á landbúnaðarráðherra og MAST að veitt verði nægt fjármagn til viðhalds og uppbyggingar varnarlína sauðfjárveikivarna. *Samþykkt samhljóða.*

Eftirfarandi tillögur bárust frá búfjárræktarnefnd, flutningsmaður Jóhann Guðmundsson:

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 beinir því til landbúnaðarráðherra og MAST að setja skýrar vinnureglur sem farið verði eftir þegar upp kemur riða í sauðfé. Greinargerð: Óásættanlegt er að bændur þurfi að bíða í óvissu um langan tíma frá því smit er greint og þar til ákvörðun um aðgerðir er tekin. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur BHS haldinn í Ásbyrgi 14. apríl 2015 beinir því til MAST að hvetja bændur sem hafa leyfi til líflambasölu að láta arfgerðargreina lambafeður gagnvart riðuáhættu.

Samþykkt samhljóða.

13. Kosningar skv samþykktum BHS

Fundarstjóri gerði nú fundarhlé að ósk fulltrúa en síðan var gengið til kosninga.

Einn aðili af Ströndum í stjórn BHS til þriggja ára og einn til vara.

Kosinn var Matthías Lýðsson Húsavík sem aðalmaður og Kristín Guðbjörg Jónsdóttir Kolbeinsá til vara.

Tveir skoðunarmenn reikninga til eins árs og tveir til vara. Stungið var upp á Rafni Benediktssyni og Ólafi B. Óskarssyni sem aðalmönnum. Til vara Máni Laxdal og Rafn Sigurbjörnsson. Ekki komu aðrar tillögur og skoðast þeir því réttkjörnir skoðunarmenn reikninga.

Búnaðarþingsfulltrúar til eins árs:

Fyrir Strandamenn var stungið upp á Jóhanni Ragnarssyni Laxárdal sem aðalmanni og Matthíasi Lýðssyni Húsavík sem varamanni. Ekki komu fram aðrar tillögur og eru þeir því réttkjörnir fulltrúar á Búnaðarþing 2016.

Fyrir Austur-Húnvetninga var stungið upp á Jóni Gíslasyni Stóra-Búrfelli sem aðalmanni og Önnu Margréti Jónsdóttur Sölvabakka sem varamanni. Ekki komu fram aðrar tillögur og eru þau því réttkjörnir fulltrúar á Búnaðarþing 2016.

Fyrir Vestur-Húnvetninga var stungið upp á Böðvari Sigvalda Böðvarssyni Mýrum 2 sem aðalmanni og Gunnari Þórarinssyni Þóroddsstöðum til vara. Ekki komu fram aðrar tillögur og eru þeir því réttkjörnir fulltrúar á Búnaðarþing 2016.

15. Önnur mál

Guðbrandur Björnsson ræddi hvort ekki væri skynsamlegt að reyna að fá einhverja sem búsettir eru á svæðinu til að taka að sér fósturtalningar í sauðfé.

16. Fundarslit

Fundarstjóri þakkaði fyrir góðan fund, lagði til að fundargerð yrði send fundarmönnum í tölvupósti til skoðunar og síðan birt á netinu og sleit fundi.

Anna Margrét Jónsdóttir, fundarritari